

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um lögskráningu sjómanna nr. 880/2001.

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Þegar útgerð rekur eitt eða fleiri farþegaskip til skoðunarferða, hafnsögubáta og dráttar-
báta er lögskráningarstjórum heimilt að ákveða fyrirkomulag lögskráningar á annan hátt en
kveðið er á um í 4. og 5. gr. laga um lögskráningu sjómanna.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um lögskráningu sjómanna nr. 43/1987
með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni
öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 29. ágúst 2002.

Sturla Böðvarsson.

Ragnildur Hjaltadóttir.